

Sp.

441. Fyrirspurn

[263. mál]

til iðnaðarráðherra um afkomu og verðmætishlutdeild fyrirtækja í ullariðnaði.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Hefur iðnaðarráðuneytið tekið til athugunar skýrslu Þjóðhagsstofnunar o. fl., er gerð var á s. l. hausti að tilhlutan landssamtaka prjóna- og saumastofa, um afkomu og verðmætishlutdeild einstakra greina ullariðnaðarins?
2. Telur ráðuneytið eðlilega þá breytingu sem orðið hefur á afkomu og verðmætahlutdeild fyrirtækjanna frá árinu 1981?
3. Má vænta þess að ráðuneytið láti þessi mál á einhvern hátt til sín taka til að koma í veg fyrir að þýðingarmikill framleiðsluatvinnuvegur á landsbyggðinni leggist niður?
4. Mun ráðuneytið taka þátt í hagræðingarátaki á prjóna- og saumastofum sem nú er verið að hrinda af stað á vegum landssamtaka prjóna- og saumastofa?